

STAFRÆNT RÁÐ

Ár 2024, miðvikudaginn 9. október, var haldinn 44. fundur stafræns ráðs. Fundurinn var haldinn á Höfðatorgi og hófst kl.13:33. Eftirtalin voru komin til fundar í fundarherberginu Hofi: Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Andrea Jóhanna Helgadóttir, Friðjón R. Friðjónsson, Kristinn Jón Ólafsson og Skúli Helgason. Eftirtaldir fulltrúar tók sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimildar í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir og Sandra Hlíf Ocares. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Sæþór Fannberg Sæþórsson og Óskar J. Sandholt. Fundarritari var Edda Jónsdóttir.

Þetta gerðist:

- Fram fer kynning á stöðu stafrænnar þróunar hjá fjármála- og áhættustýringarsviði. PON24100016.

Erna Kristjánsdóttir og Halldóra Káradóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Stafrænt ráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Við þökkum fjármála- og áhættustýringarsviði vandaða kynningu á stöðu stafrænnar þróunar hjá sviðinu. Það liggur ljóst fyrir að sviðið er að vinna markvisst að framtíðarsýn sem styður áherslur borgarinnar. Stafræna ráðið telur að uppsetning á verkefnaskrá sviðsins sé til fyrirmyndar, en forgangsriðun og skýr eftirfylgni er forsenda þess að sviðið nái settum árangri. Stafrænt ráð óskar eftir því að sviðið skoði að setja verkefni um nýja greiðslugátt í forgang þar sem það myndi hafa jákvæð áhrif á önnur verkefni, auka sjálfvirkni og skilvirkni, stuðla að betri meðferð fjármuna og aukinni tekjusköpun. Verkefni eins og stafrænt borgarkort sem áætlað er að komi til framkvæmdar sumarið 2025 þurfi á nýrri greiðslugátt að halda til þess að geta skapað hámarks virði bæði fyrir íbúa og borg allt frá upphafi. Við munum fylgjast af miklum áhuga með framgangi mála og þökkum starfsfólkinu fyrir að leiða þessa framsýnu vinnu í þjónustuborginni Reykjavík.

- Fram fer umræða um stöðu kortasjá. PON24100017.

Inga Rós Gunnarsdóttir og Jörgen Heiðar Þormóðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Stafrænt ráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Stafrænt ráð lýsir yfir ánægju með áframhaldandi þróun á kortasjám borgarinnar og er sammála því að virðið í gögnunum okkar fæst ekki úr gögnunum sjálfum heldur sögunni sem þau segja okkur og aðgerðunum sem verða til út frá þeim. Þá er mikilvægt að hlúð sé vel að landupplýsingakerfinu sem og millilaginu svo hægt sé að nýta það til að bæta við fylgigögnum og miðla áfram til annarra þjónusta. Stafrænt ráð tekur undir mikilvægi þess að vörur sem byggðar séu á landfræðiupplýsingum séu hannaðar út frá þörfum notenda. Þá er verkefni eins og vefsíða um húsnæðisuppbyggingu Reykjavíkurborgar til fyrirmyndar. Stafrænt ráð óskar eftir því að skoðað verði hvort sambærileg verkefni sem stuðli að hagnýtingu gagna séu í sjónmáli en hagnýting gagna er, líkt og fram kemur í kynningunni, eitt af undirstöðuatriðum þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir með hag og heilbrigði Reykjavíkurborgar að leiðarljósi.

3. Lagðar var fram fundargerð verkefnaráðs, dags. 5. september 2024. PON20060042.

Eva Björk Björnsdóttir og Þröstur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Fram fer umræða um stöðuna á stafrænu borgarkorti. PON24100018.

Lára Aðalsteinsdóttir, Jóhanna Garðarsdóttir, Andrés Bögebjerg Andreasen, Eiríkur Björn Björgvinsson og Salvör Gyða Lúðvíksdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Stafrænt ráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Þegar ákvarðanir eru teknar um kaup á stafrænum lausnum er mikilvægt að heildræn sýn sé í fyrirrúmi og horft sé til þjónustustefnu borgarinnar þar sem áhersla er lögð á að þjónustan sé umfram allt aðgengileg, einföld og framúrskarandi. Notendasamráð hefur sýnt fram á að kallað hefur verið eftir snjallveskis lausn auk þess mun NFC aðgengislausn vera eina leiðin til að uppfylla öryggiskröfur Reykjavíkurborgar. Stafrænt ráð dregur í efa að smáforrit BRP uppfylli fyrrgreind áhersluatriði og efast um að það mæti þörfum notenda út frá þjónustustefnu borgarinnar.

5. Lagt fram svar fjármála- og áhættusviðs, dags. 1. október 2024, við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um innkaupabeiðni sbr. 42. lið fundargerðar borgarráðs frá 23. maí 2024. MSS24050116.

6. Lagt fram svar fjármála- og áhættusviðs, dags. 1. október 2024, við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um beiðnakerfi sbr. 38. lið fundargerðar borgarráðs frá 6. júní 2024. MSS24060027.

7. Lögð er fram fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um um stafræna umbreytingu vegna skráningar í leikskóla sbr. 25. lið fundargerðar borgarráðs frá 26. september 2024. MSS24090144.

Vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

8. Fram fer umræða um starfið milli funda. PON23090021.

Fundi slitið kl. 15:58

Kristinn Jón Ólafsson

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir
Sandra Hlíf Ocares

Andrea J. Helgadóttir
Friðjón R. Friðjónsson
Skúli Helgason